# *Lóa*

April Clayton

flauta

Kristi Shade

harpa



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

föstudaginn 25 . júlí  2025  kl. 20:30

**April Clayton** lærði flautuleik við Oberlin College og Oberlin Conservatory í Ohio í Bandaríkjunum og lauk doktorsprófi við Juilliard School í New York borg. Hún var lengi prófessor í flautuleik við Brigham Young háskólann, en kennir nú við þrjá háskóla í Utah, Snow College, Utah Valley University og Westminster University. Hún hefur spilað víða í Bandaríkjunum og Evrópu og einnig í Kóreu, Mexíkó, Brasilíu, á Haití og Barbados.

April var lengi meðlimur Orpheus blásarakvintetts og leikur nú með Aspen Winds kvintettinum í Utah. Síðar á þessu ári er væntanlegur geisladiskur hennar ásamt píanóleikara með verkum tónskáldsins Miguel del Aguila.

**Kristi Shade** byrjaði að læra og leika á hörpu ung að aldri og lauk prófum frá Manhattan School of Music og University of Florida. Hún starfar sem fyrsti hörpuleikari Kammerhljómsveitar New York borgar og spilar oft í söngleikjum Broadway leikhúsa í New York borg og einnig sem gestur sinfóníuhljómsveita víðs vegar um Bandaríkin.

Kristi kennir nú við Manhattan School of Music og stúlknaskólana Brearley og Spence sem allir eru á Manhattan. Hörpudúó hennar og Katie Andrews, *Duo Scorpio*, hefur gefið út tvo geisladiska, *Scorpion Tales* árið 2012 og *Two Bridges* 2017.

April og Kristi, ásamt víóluleikaranum David Wallace, stofnuðu tríóið *Hat Trick* árið 2013 sem gaf út diskana *Garden of Joys and Sorrows*, 2017 og *Big Sky*, 2024. Samspil April og Kristi undir nafninu ***Lóa*** er nýhafið og síðar á þessu ári er væntanlegur geisladiskur með leik þeirra og þar má meðal annars heyra verk þau sem flutt verða á þessum tónleikum.

*Efnisskrá*

| | | |
|---|---|---|
| Daniel Dorff | Serenade | |
| f. 1956 | i | Estampie |
| | ii | Mon Coeur |
| | iii | Musette |
| | iv | „Helas! Je voy mon cuer a fin venir“ |
| | v | Rondeau |
| Arnold Bax | Sonata | |
| 1883–1953 | I | Allegro Moderato |
| | II | Lento |
| | III | Moderato Giocoso |
| Þórður Magnússon | Intermezzo | |
| f. 1973 | | |
| Atli Heimir Sveinsson | Intermezzo úr Dimmalimm | |
| 1938–2019 | | |
| Jean-Michel Damase | Deuxième Sonate | |
| 1928–2013 | I | Allegro Moderato |
| | II | Andante |
| | III | Allegro Scherzando |
| | IV | Allegro Risoluto |

Flutist **April Clayton** studied at the Oberlin College and Conservatory, and at the Juilliard School, where she completed a doctorate. She was professor of flute at Brigham Young University for over twenty years, and now teaches at Snow College, Utah Valley University, and Westminster University, all in Utah.

Her performances include Vienna's International Music Academy Orpheus, the Utah Symphony's Haitian Orchestra Institute, the Varna International Music Academy, Seminários Internacionais de Musica in Bahia, Holder's Season Festival in Barbados, Wells Cathedral Concert Series, Edinburgh Festival Fringe and Aberystwyth Music Festival. She was member of the Orpheus Quintet for over twenty years and is currently member of Aspen Winds Quintet, and also performed as a guest with New York Woodwind Quintet. April's flute-viola-harp trio 'Hat Trick' has recorded two CDs (*Garden of Joys and Sorrows*, 2017 and *Big Sky*, 2024). April has two CDs slated for release later this year, a flute-piano CD with composer Miguel del Aguila and the *Lóa's* flute-harp CD with Kristi.

Harpist **Kristi Shade** holds degrees from the Manhattan School of Music and the University of Miami. She is the Principal Harpist with The Chamber Orchestra of New York and performs regularly on Broadway. She is on harp faculty at the Manhattan School of Music, the Brearley School, and the Spence School. Kristi has been a guest artist with The Baltimore Symphony, The New Jersey Symphony, The Miami Symphony, The Florida Philharmonic, The Albany Symphony Orchestra, The Columbus Symphony Orchestra, The Brooklyn Symphony Orchestra and The Brooklyn Repertory Orchestra. Kristi's flute-viola-harp trio Hat Trick has recorded two CD's (*Garden of Joys and Sorrows*, 2017, and *Big Sky*, 2024), and her harp duo Duo Scorpio has recorded two CD's (*Scorpion Tales*, 2012, and *Two Bridges,* 2017).

In this concert, the duo ***Lóa*** performs works from their forthcoming CD. Their program explores varied international repertoire by Arnold Bax (UK), Jean-Michel Damase (France), Daniel Dorff (USA), and Þórður Magnússon and Atli Heimir Sveinsson (Iceland). While ***Lóa*** is recently formed, the collaboration of April and Kristi started with the trio Hat Trick in 2013.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert